

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu á kirkjujörð.* — **165**
 Samkvæmt allra þegnlegustu tillögum ráðgjafans, þá er hann hafði meðtekið þóknanlegt **16. okt.**
 brjef yðar, herra landshöfðingi, frá 23. ágúst þ. á. hefir hans hátign konunginum hinn
 13. þ. m. allramildilegast þóknast að fallast á, að jörðina Haukagil í Hvítársíðuhreppi í
 Mýrasýslu í vesturumdæmi Íslands, sem liggur undir Gilsbakka prestakall, megi selja
 Sigurði söðlasmið Jónssyni að jarðakaupum fyrir jörðina Hvassafell í Norðurárdalshreppi
 í sömu sýslu með tilheyrandi hjáleigum, Uppkoti og Útkoti, þannig að hina fyrnefndu
 jörð beri eptirleidis að því er snertir gjaldskyldu að skoða sem bændaeign, en hina síð-
 arnefndu sem kirkjujörð.

Þetta læt jeg ekki undir höfuð leggjast að tjá yður, herra landshöfðingi, til
 þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um prjedikunartexta.* — **166**
 Samkvæmt allra þegnlegustu tillögum ráðgjafans, er hann gjörði eptir að hafa meðtekið **16. okt.**
 þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, frá 14. júní þ. á., hefir hans hátign konung-
 inum þóknast hinn 13. f. m. allramildilegast að fallast á,

- 1, að biskupinum yfir Íslandi veitist vald til, að leyfa prestum þar ár frá ári eða eptir
 annari hagkvæmri reglu að prjedika til skiptis út af hinum fyrirskipuðu guðspjalla-
 textum og út af hinum fyrirskipuðu pistlertextum, og enn fremur að biskupinn geti
 veitt prestunum leyfi til um vissan tíma að prjedika út af öðrum textum eða köfl-
 um hins nýja testamentis eða litlu fræðum Lúthers, þó má ekki leyfa þetta þá
 sunnudaga í föstunni, er prjedika skal út af píningsögu Krists.
- 2, að þegar presturinn prjedikar út af öðrum texta en hinu fyrirskipaða guðspjalli, þá
 skuli hann samt tóna það, og
- 3, að lagt verði fyrir prestinn, ef hann af sjerstökum ástæðum skyldi hafa notað sjálf-
 valinn texta, þá að tilkynna það prófasti.

Þetta undanfelli ráðgjafinn ekki hjer með þjónustusamlega að tjá yður, herra
 landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um* **167**
 umboðsmann sýslumanns við tollheimtuna. — Í þóknanlegu brjefi frá 14. **20. okt.**
 f. m. sögðu þjer, herra amtmaður, mjer álit yðar um erindi Pjeturs verzlunarstjóra Guð-
 johnsens á Vopnafirði, er hann hafði hingað sent, og þar sem hann fer þess á leit, að
 þar á staðnum verði settur maður, sem á eigin ábyrgð hafi á hendi störf þau, er sam-
 fara eru tollheimtunni. Vil jeg því hjer með tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og
 birtingar, að hið umbeðna verður ekki veitt, því að ábyrgðin á tollheimtunni hvílir á
 lögreglustjóra, og er þar í fólgin trygging bæði fyrir landssjóð og tollgreiðendur; aptur á
 móti er sýslumaðurinn í Norðurmúlasýslu skyldur til að hafa umboðsmann á Vopnafirði,
 löggiltan af amtinu, sem sýslumannsins vegna og á hans ábyrgð gætir starfa þeirra, sem
 eru samfara tollheimtunni þar.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um* **168**
 flutning úr framfærslusveit. — Eptir að Hjörtur sá Guðmundsson, er getur um **25. okt.**

Hinn 20. desbr. 1880.

168 í brjefi mínu frá 20. júní 1878 (stjórnartíðindi B. 101) hafði í fardögum 1877 flúzt úr Engihlíðarhreppi inn í Vindhælishrepp, var honum næsta fardagaár þar á eftir, 1877 til 78, veittur sjer og hyski sínu til lífsframdráttar 92 kr 58 a sveitarstyrkur, og fór þá hreppsnefndin í Vindhælishreppi 9 ágúst 1878 því á flót við sýslumanninn í Húnavatns-sýslu, að Engihlíðarhreppur yrði skyldaður til að endurgjalda Vindhælishreppi þennan kostnað; en 18 júní 1879 úrskurðaði sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu samkvæmt því, er áður hafði komið fram í þessu máli af hendi Engihlíðarhrepps, að Hjörtur væri sveitlægur í Vindhælishreppi, og þenna úrskurð hafði þjer, herra amtmaður, staðfest 16 marz þ. á; en Vindhælishreppur hefir aptur á móti áfrýjað úrskurði yðar hingað.

Fyrir því skal yður, herra amtmaður, tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar það, er nú segir.

Enginn vafi er um það, að hlutaðeigandi fátæklingur, þegar hann flúttist í fardögum 1877 úr Engihlíðarhreppi, var búinn að dvelja þar í sveit 10 ár að frátöldum 3. vikna tíma nokkru eftir fráferur 1876, er hann reyndi að koma sjer niður á jörðunni Núp í Vindhælishreppi. Á þessari tilraun stóð svo, að Hjörtur hafði fardagaárið 1876-77 löglegan ábúðarrjett að jörðunni Illugastöðum í Engihlíðarhreppi; en þegar fór að líða að fardögum 1876, fjekk hreppsnefndaroddivitinn fyrst Hjört til að játa sig hafa þegið sveitarstyrk, og síðan líklega af því að það þótti vafasamt, hvort þetta lán myndi verða álitinn löglegur sveitarstyrkur (sbr. úrskurð minn stjórnartíð. 1878 B 101) útvegaði hann Hirti byggingarbrjef frá bónda í Skagafirði fyrir jörðunni Núp. Hreppsnefndarmaður færði Hirti þetta byggingarbrjef, og eftir að Hirti hafði verið gefin von um að fá alla jörðina Núp til byggingar, og oddviti hreppsnefndarinnar paraðauki hafði lofað honum 6 ám, ef hann vildi flytja þangað, fjekkst hann til að rita undir byggingarbrjefið og síðan útveguðu 2 hreppsnefndarmenn hesta þá, er þurfti að hafa til flutnings Hjartar frá Illugastöðum að Núpi, og hjálpuðu honum við þenna flutning. Um leið og þessi flutningur átti sjer stað, fór fram úttekt á Illugastöðum, og ritaði Hjörtur einnig undir hana. En nú reyndist, að bóndi sá, er byggt hafði Hirti jörðina Núp, hafði ekki haft byggingarráð á jörðunni það fardagaár, en að þar á móti hreppsnefndin í Vindhælishreppi hafði jörðina til byggingar handa ekkju, er þáði þar af sveit, og eftir að tilraun, sem Hjörtur gjörði til að fá ekkjuna til að flytja af jörðunni með því að láta hana fá nokkuð af þeirri tilgjöf, er hann hafði fengið frá oddvita Engihlíðarhrepps, hafði farizt fyrir sökum þess, að hreppsnefndin í Vindhælishreppi vildi ekki fallast á þetta; vjek hann burt aptur frá Núpi eftir 3 vikna dvöl, og kom sjer niður á jörðunni Mýrarkoti í Engihlíðarhreppi.

Eftir málsástæðum þessum hefir dvöl Hjartar fyrir utan Engihlíðarhrepp um árið 1876 ekki haft þá festu, sem nauðsynlegt er til þess að sagt verði, að hann hafi fyrir fullt og allt flútt sig úr Engihlíðarhreppi, þegar hann fór að Núpi. Hann byrjaði fardagaárið 1876-77 með þeim ásetningi að halda áfram búskap sínum á Illugastöðum það fardagaár. Það var að eins fyrir fortölur hreppsnefndar Engihlíðarhrepps, að hann ljet tilleiðast til að flytja sig að Núpi; en ekkert hefir komið fram, sem veikir skýrslu hans um, að samþykki hans til þessa flutnings hafi verið bundið því skilyrði, að hann fengi byggingarráð frá rjettum hlutaðeiganda að allri jörðunni Núp; sjerilagi virðist undirskript hans undir byggingarbrjefið að Núp, sem einmitt heimilar honum alla þessa jörð, og undir úttektina á Illugastöðum ekki að koma í bága við þessa skýrslu hans, Honum tókst nú aldrei að fá allan Núpinn til ábúðar, og flutningur hans hið nefnda sumar var því í rauninni aðeins frá jörðinni Illugastöðum í Engihlíðarhreppi að jörðunni Mýrarkoti í sama hreppi, fyrst þar fjekk hann fasta dvöl eftir að hafa farið frá Illugastöðum, og því síður

getur 3 vikna flókingur hans inn í Vindhælishrepp orðið Engihlíðarhreppsnefnd í hag, **168**
sem hún hafði sjálf gefið tilefni til hans. 29. okt.

Það hefir þannig ekkert komið fram, sem getur verið því til fyrirstöðu, að Hjórtur hafi unnið framfærslurjett í Engihlíðarhrepp með samfleyttri 10 ára dvöl sinni þar. Hinn áfrýjaði úrskurður yðar herra amtmaður, skal því úr gildi feldur, og Engihlíðarhreppur vera skyldur til að endurgjalda Vindhælishreppi það, sem þessi hreppur hefir lagt með optnefndum Hirti Guðmundssyni eptir löglega úrskurðuðum reikningi.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um endurgoldinn sveitarstyrk.* — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt álit yðar herra amtmaður um áfrýjun Laxárdalshrepps í Dalasýslu á úrskurði yðar frá 20. marz þ. á., er ákveður Magnús Böðvarsson sveitlægan þar, vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar það, er nú segir: **169**
29. okt.

Vorið 1859 fluttist Magnús úr Laxárdalshreppi inn í Helgafellssveit í Snæfellsnessýslu, og þegar hann var búinn að dvelja þar nærfellt 9 ár, skýrði hreppstjórinn í Helgafellssveit með brjefi frá 12. marz 1868 hreppstjóranum í Laxárdalshreppi frá, að Magnús hefði fengið 7 kr. 83 a. (3 rdl. 88 sk.) sveitarstyrk og beiddist endurgjalds af Laxárdalshreppi á þessari upphæð.

Hreppstjórinn í Laxárdalshreppi játaði með brjefi 26. s. m. Magnús sveitlægan þar í hreppi, og lofaði að borga skuldina, og virðist skuldin þar á eptir að hafa verið borguð að tilhlutun hreppstjórans í Laxárdalshreppi af sumarkaupi Magnúsar 1868. Eptir það dvaldi Magnús enn 3 ár í Helgafellssveit, fór þá burt úr hreppnum, en kom aptur og þáði veturinn 1875—76 24 kr. 95 a. sveitarstyrk. Þegar Helgafellssveit heimtadi þenna styrk endurgoldinn, neitaði Laxárdalshreppur þessu, og hjelt því fram, að Magnús hefði með 12 ára dvöl í Helgafellssveit áunnið sjer þar framfærslurjett því styrknunum 1868 hefði verið neytt upp á hann.

Undir rannsókn þeirri, sem síðan hefir farið fram, hafa komið fram nokkrar líkur fyrir því, að hreppstjórinn í Helgafellssveit hafi amazt við Magnúsi, áður en hann þáði styrkinn 1868 og jafnvel hótað að senda hann heim á hrepp hans þá þegar nm veturinn eða vorið, og hefir Magnús skýrt frá því, að það hafi að eins verið sökum þessarar hlutsemi hreppstjórans og af því, að hann þóktist sjá fram á, að hann fengi ekki frið, fyrr en hann beiddi um sveitarstyrk, að hann þáði nefnda upphæð úr sveitarsjóði. Aptur á móti hefir Helgafellssveit ekki viljað játa þetta, en haldið því fram, að Magnús hafi alveg ótilneyddur beizt styrksins, og að hann hafi verið hans mjög þurfandi. Með því nú að hreppstjórinn í Laxárdalshreppi ekki hreifði árið 1868 neinum mótmælum gegn sveitarstyrki þeim, er þá var spurning um, en þvert á móti brjeflega játaði hrepp sinn skyldugan til að endurgjalda hann, og með því að hann síðan var endurgoldinn, getur ekki komið til tals að taka mótmæli þau, er 7 árum þar á eptir komu fram, til greina nema því að eins, að þau hefðu verið ítarlega sönnuð. En það hefir ekki átt sjer stað. Líkur þær, er Laxárdalshreppur hefir tilfært, hefðu ef til vill getað veikt kröfu Helgafellssveitar, hefðu þær komið fram 1868; en nú löngu eptir að krafa sú, sem þá kom fram frá Helgafellssveit, hefir verið útkljáð, geta þær ekki haft þann kragt, að þær raski því, sem þá fór fram án nokkurs ágreinings milli hlutaðeigandi hreppa.

Jeg er því yður, herra amtmaður, samdóma um, að styrkur sá, er árið 1868 var lagður Magnúsi Böðvarssyni úr sjóði Helgafellssveitar, hafi varnað því, að Magnús hafi